

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Selma og Kay Langvads Legat til udvikling af den kulturelle forbindelse mellem Island og Danmark, útgefin á venjulegan hátt ad mandatun af dómsmálaráðherra 14. september 1964. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá
fyrir Selma og Kay Langvads Legat til udvikling af den kulturelle forbindelse
mellem Island og Danmark.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af frú Selmu Langvad, fæddri Guðjohnsen, og Kay Langvad verkfræðingi. Höfuðstóll sjóðsins eru danskar krónur 120.000 í dönskum skuldabréfum. Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands, og er varzla hans og ávöxtun í höndum rektors og háskólaráðs samkv. þeim almennu reglum, er gilda um sjóði Háskólans.

2. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð 3 mönnum, rektor Háskólans, sem er formaður, Dana, sem er tilnefndur af gefendum og eftir lát þeirra beggja af Sören Langvad verkfræðingi, og íslenskum ríkisborgara, sem tilnefndur er af gefendum og eftir lát þeirra af háskólaráði til þriggja ára í senn.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja menningarleg tengsl Íslands og Danmerkur. Í því skyni eru veittir styrkir úr sjóðnum til námsdvalar fyrir Íslendinga í Danmörku og Dani á Íslandi, og enn fremur er heimilt að styrkja hverja þá starfsemi, sem stjórn sjóðsins telur á hverjum tíma, að muni stuðla að því markmiði, sem sjóðnum er ætlað að vinna að. Styrki má veita með eða án umsókna.

Styrkúthlutun fer fram á afmælisdegi frú Selmu Langvad hinn 25. júní, í fyrsta skipti 25. júní 1965. Stjórnin getur ákveðið, að styrkúthlutun fari fram árlega eða með 2-3 ára millibili. Öllum vöxtum sjóðsins má verja til úthlutunar samkv. framansögðu, en höfuðstól má eigi skerða.

4. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.